

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2010 í máli nr. S-364/2010:

Ákærvaldið

(Ragna Bjarnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Skúla Þór Hilmarssyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 28. júní sl., er höfðað samkvæmt ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 4. maí 2010 á hendur Skúla Þór Hilmarssyni, kt. 000000-0000, Bogahlíð 11, Reykjavík, fyrir líkamsárás með því að hafa, sunnudaginn 8. febrúar 2009, í bifreiðinni FX-B16 sem var kyrrstæð við Hólagarða í Reykjavík, slegið Helga Frey Sveinsson margsinnis með krepptum hnefa í andlitið með þeim afleiðingum að Helgi Freyr hlaut opið beinbrot á nefi, bólgu og mar umhverfis hægra auga og mar við vinstra auga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Helga Freys Sveinssonar, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð 596.482 krónur með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 8. febrúar 2009, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga.

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af ákæru, en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa. Aðallega er krafist frávísunar bótakröfu, en til vara að hún sæti verulegri lækkun. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá sunnudeginum 8. febrúar 2009, klukkan 19:08, var óskað aðstoðar að Spóahólum 18 í Reykjavík vegna líkamsárásar sem hefði átt sér stað. Þar hittu lögreglumenn fyrir húsráðanda, Helga Frey Sveinsson, sem var með

umtalsverða áverka, blóðugur í framan, bólginn á báðum kinnbeinum og virtist nef vera aflagað. Helgi sagði áverkana vera af völdum ákærða í máli þessu, Skúla Þórs Hilmarssonar. Sagði hann ákærða hafa hringt heim til sín og beðið sig um að koma út í bifreið til sín. Hann hefði gert það og sest í farþegasæti bifreiðarinnar sem ákærði ók, sem hefði verið silfurgrá af Audi Sedan gerð. Í aftursæti bifreiðarinnar hefði setið maður, sem hann vissi ekki deili á. Ákærði hefði sagt honum að slökkva á farsíma sínum. Síðan hefði ákærði ekið bifreiðinni að Hólagörðum og lagt upp við grindverk svo að Helgi komst ekki út úr henni. Hefði ákærði síðan borið það á Helga að hann hefði verið með kærustu ákærða og slegið hann um 10 hnefahögg í andlit. Ákærði hefði jafnframt hótað honum lífláti ef hann gerði lögreglu viðvart. Helgi sagði ekkert hæft í því sem ákærði hefði borið á hann um meint samband hans við konuna.

Helgi Freyr Sveinsson mætti hjá lögreglu mánudaginn 9. febrúar 2009 og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna líkamsárásar og hótana. Sagði Helgi að um klukkan 18:15 deginum áður hefði ákærði hringt til sín og viljað fá að tala við sig. Um 20 mínútum síðar hefði ákærði komið að heimili hans akandi á silfurgrárrí Audi bifreið. Helgi sagðist hafa sest í framsæti bifreiðarinnar, en annar maður hefði setið í aftursætinu. Ákærði hefði sagt að hann grunaði Helga um að eiga í einhverju sambandi við konu sína, Sigurbjörgu Vilbergsdóttur, en þau Helgi væru vinnufélagar. Hefði ákærði ekið bifreiðinni af stað og sagt við Helga að hann vildi gefa honum færi á að segja rétt frá, en ef hann segði ósatt myndi hann berja hann með ógurlegum hnefahöggum. Hefði ákærði sagt að faðir sinn væri hátt settur í „stærstu glæpasamtökum heims“ og að lítið mál væri að láta menn á hans vegum vinna barnshafandi konu Helga mein. Þá hefði ákærði hótað að ræna heimili hans og „rústa“ sumarbústaðnum. Ákærði hefði slegið hann einu hnefahöggi á meðan á akstrinum stóð. Hann hefði síðan ekið inn á bifreiðastæði við Hólagarð, stöðvað bifreiðina þar, og slegið hann nokkrum höggum í andlitið. Því næst hefði ákærði ekið bifreiðinni upp að vegg, svo að ekki var hægt að opna hurðina farþegamegin. Þá hefði hann læst hurðum og haft áfram í hótunum við Helga. Hefði Helgi sagt að hann ætti ekki í neinum tengslum við Sigurbjörgu nema vegna vinnunnar. Ákærði hefði slegið hann mörgum höggum til viðbótar og hefði honum blætt talsvert og blóð komið á fót hans og í bifreiðina, sérstaklega á hurðina. Sagðist Helgi hafa sagt við ákærða að hann myndi hringja til lögreglu strax og hann losnaði, en ákærði hótað honum lífláti ef hann gerði það. Þá hefði ákærði fyrirskipað honum að slá röng lyklnúmer inn í farsíma hans, með þeim afleiðingum að síminn varð óvirkur. Sagðist Helgi hafa yfirgefið bifreiðina eftir þetta og farið heim til sín. Hann sagðist hafa fengið upplýsingar um að maðurinn sem sat í aftursæti bifreiðarinnar hét Ágúst Ásbjörnsson. Helgi sagðist rekja tildrög þessa atburðar til þess að hann hefði sent Sigurbjörgu og öðrum vinnufélögum sínum tölvupósta með ýmsu gríni. Teldi hann að ákærði hefði séð einhvern þessara pósta og dregið þá ályktun að hann ætti í einhverju sambandi við Sigurbjörgu.

Samkvæmt vottorði Jóns Hai Hwa Sen, sérfræðings í skurðlækningum, dagsettu 25. febrúar 2009, leitaði Helgi Freyr Sveinsson á slysa- og bráðamóttöku Landspítala-háskólasjúkrahúss um klukkan 19:00 8. febrúar 2009. Sagðist hann hafa orðið fyrir líkamsárás af völdum eiginmanns konu sem hann ynni með. Eiginmaðurinn hefði grunað hann um framhjáhald, ráðist á hann og slegið u.þ.b. 10 sinnum í andlitið. Hann hefði verið blóðugur í andliti, með mikla bólgu og mar umhverfis hægra auga og mar vinstra megin. Nef hefði verið bólgið, skurður yfir nefbeini hægra megin og annar rétt miðlægt við nefið, einnig hægra megin. Við skoðun hefði fundist sprunga

í nefbeini, án tilfærslu í brotinu. Hann hefði því verið með opið beinbrot á nefi. Í niðurlagi vottorðsins kemur fram að áverkar komi heim og saman við lýsingu sjúklings á líkamsárás sem hann hefði orðið fyrir.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 10. mars 2009. Sagðist hann ekki kannast við það sem honum væri gefið að sök og að þetta hlyti að vera tómur misskilningur. Sagðist ákærði vita til þess að Helgi hefði unnið með fyrrverandi konu sinni, Sigurbjörgu Vilbergsdóttur, en sambúð þeirra hefði lokið fyrir um tveimur mánuðum. Hann kannaðist við að hafa haft afnot bifreiðar Sigurbjargar þegar þau bjuggu saman. Hann vísaði hins vegar framburði Helga á bug sem röngum og sagði ekkert slíkt hafa átt sér stað.

Í málinu er skýrsla tæknideildar lögreglu um rannsókn á bifreið Sigurbjargar Vilbergsdóttur, FX-B16, sem fór fram 27. febrúar 2009. Ljósmyndir fylgja af bifreiðinni, sem er fjögurra dyra fólksbifreið af tegundinni Audi A4 Quattro, grá að lit. Í bifreiðinni fundust blettir sem gáfu jákvæða svörun við blóðprófun. Blóðblettir voru aftarlega á innanverðri rúðu í hægri framhurð. Neðarlega á hurðarspjaldi var blóðkám og blóðblettur. Ofarlega á dyrastaf aftan við hurðina voru nokkrir litlir blóðblettir. Þá var blóðkám á framanverðum höfuðpúða framfarþegasætis og stór blóðdropi á sleðabraut við gólf bifreiðarinnar á milli sætisins og hurðar. Tekin voru sýni af blettunum.

Samkvæmt greinargerð tæknideildar voru þrjú sýni úr blóðblettum, sem tekin höfðu verið við rannsókn bifreiðarinnar, send 18. mars 2009 til DNA greiningar hjá Rettsmedisinsk Institutt við háskólann í Osló. Leiddi greining í ljós að DNA snið allra sýnanna var hið sama. Var það snið eins og DNA snið Helga Freys Sveinssonar og yrðu því öll rakin til hans. Í svari Rettsmedisinsk Institutt kemur fram að líkur á því að finna samskonar snið frá óskyldum einstaklingi séu ávallt minni en 1:1.000.000.000.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 2009, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands 20. mars 2009, var lögreglu heimilað að leita upplýsinga frá síma- og fjarskiptafyrirtækjum um notkun símanúmersins 770 8069, sem ákærði hafði til umráða. Samkvæmt greinargerð upplýsinga- og áætlanadeildar lögreglu, dagsettri 5. ágúst 2009, kom í ljós að 8. febrúar 2009 var í tvígang hringt úr símanúmeri ákærða í símanúmerið 840 4051, sem Helgi Freyr Sveinsson var skráður fyrir. Fundin voru GPS staðsetningarhnit fyrir númer senda sem símtölin fóru í gegnum. Athugun lögreglu leiddi í ljós að hringt hafði verið úr síma með númerinu 770 8069 í númerið 840 4051 klukkan 18:13. Fór símtalið um sendi í Frostafold í Grafarvogi og hafi símtækið sem hringt var úr þá verið staðsett í Foldahverfi í Grafarvogi. Aftur var hringt klukkan 18:33. Fór símtalið um sendi í Orrahólum og hafi símtækið þá verið staðsett í Hólhverfi í Breiðholti. Gögn frá símafyrirtækjunum fylgja greinargerðinni.

Í skýrslu lögreglu, dagsettri 21. júní 2010, er að finna samantekt á gögnum um símanotkun síðdegis þennan dag. Auk samskipta við símanúmer Helga Freys Sveinssonar, sem rakin hafa verið, var tvívegis, klukkan 17:21 og 17:34 hringt úr símanúmeri ákærða í símanúmerið 616 1772, sem Ágúst Ásbjörnsson er skráður fyrir. Þá var klukkan 17:36 og 18:24 hringt í símanúmerið 694 4590, sem Sigurbjörg Vilbergsdóttir var skráð fyrir.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 3. desember 2009 voru bornar undir ákærða niðurstöður rannsóknar lögreglu á símanotkun og DNA rannsóknar. Ákærði vísaði því á bug að hann hefði hringt til Helga Freys Sveinssonar í umrætt sinn. Þá sagðist hann ekki geta útskýrt hvernig blóðslettur í bifreið fyrrum sambýliskonu sinnar væru til komnar.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

Ákærði neitaði alfarið sök. Sagðist hann hvorki hafa hringt til Helga Freys Sveinssonar daginn sem um ræðir, né komið að heimili hans. Hann sagðist ekki muna hvar hann hefði verið þennan dag á milli klukkan 18 og 19. Ákærði kannaðist við að vera notandi símanúmersins 770 8069, en sagðist hafa notað nokkra síma á þessum tíma. Þá kannaðist hann við að hafa haft aðgang að bifreið fyrrverandi sambýliskonu sinnar og að hafa stundum fengið hann lánaðan um helgar. Er símagögn voru borin undir ákærða sagðist hann ekki kannast við að hafa verið staddur nálægt Frostafold og síðar nálægt Orrahólum á þeim tíma sem um ræðir. Hann sagðist hvorki vita hver hefði verið á bifreið sambýliskonu sinnar, né hver hefði hringt þessi símtöl. Hann kynni ekki skýringar á símasamskiptum við símanúmer sambýliskonu sinnar og Ágústs Ásbjörnssonar, kunningja síns, um sama leyti. Þá kynni hann ekki skýringar á því að blóð fannst í bifreiðinni.

Vitnið Helgi Freyr Sveinsson sagðist hafa verið heima með fjölskyldunni og verið að undirbúa kvöldverð þegar ákærði hefði hringt til hans og sagst þurfa að tala við hann. Helgi sagðist hafa sagt ákærða hvar hann ætti heima og hefði hann hringt aftur skömmu síðar og sagst vera kominn. Hefði ákærði beðið hann að koma út, sem hann hefði gert. Hann hefði séð að maður sat í aftursæti bifreiðarinnar. Hann hefði sest í farþegasætið frammi í og ákærði ekið af stað. Þegar þeir óku út af bifreiðaplaninu hefði ákærði sagt: „Nú veit ég allt“. Hefði ákærði haft í hótunum við hann um að meiða fjölskyldu hans og eyðileggja eigur þeirra. Þegar þeir óku fram hjá Vesturbergi hefði ákærði slegið hann hnefahögg í andlitið. Hann hefði ekið bifreiðinni inn á bifreiðaplan við Hólagarð og stöðvað þar. Ákærði hefði farið að tala um tölvupóst sem Helgi hefði sent konu hans, en um hefði verið að ræða saklaust „you tupe“ myndband, sem hann hefði sent henni ásamt fleiri vinnufélögum sínum. Hefði ákærði látið að því liggja að eitthvað hefði gerst á milli Helga og konunnar, en hann hefði svarað því til að ekkert væri til í því. Ákærði hefði fært bifreiðina upp að grindverki við leikskóla sem þarna er, svo að Helgi komst ekki út úr henni. Hefði ákærði slegið hann þarna um 10 til 20 hnefahögg í andlitið og hefði honum blætt töluvert við þetta. Helgi sagðist hafa reynt að tala til ákærða, en hann hefði einnig sagt að hann myndi kæra hann fyrir þetta. Hefði ákærði látið hann slá nokkrum sinnum rangt „pin-númer“ inn í síma sinn með þeim afleiðingum að hann varð óvirkur. Ákærði hefði síðan ekið bifreiðinni út af bifreiðaplaninu og hefði Helgi stigið út úr bifreiðinni þegar komið var út á götu. Helgi sagðist kannast við manninn sem sat í aftursætinu, sem hétu Ágúst. Hann hefði ekki komið að þessari atburðarás.

Vitnið Arndís Hulda Óskarsdóttir, eiginkona Helga, sagði þau hafa verið að undirbúa kvöldverð þegar síminn hringdi og hefði Helgi sagt að ákærði vildi fá að hitta hann og myndi hann koma að sækja hann. Hún hefði séð á eftir Helga þegar hann fór út skömmu síðar og hefði hann sest inn í ljósgráa bifreið. Hún hefði séð ákærða undir stýri bifreiðarinnar og hefði einhver maður setið í aftursætinu. Helgi

hefði sest í framsætið. Um 15 mínútum síðar hefði hún reynt að hringja í Helga, en slökkt hefði verið á símanum hans. Skömmu síðar hefði hún séð hvar Helgi kom hlaupandi að húsinu og var hann alblóðugur og illa útlítandi. Hann hefði lýst fyrir henni því sem hefði gerst. Síðar um kvöldið eða morguninn eftir hefðu þau farið að grindverkinu þar sem Helgi sagði atlöguna hafa átt sér stað og hefði hún séð blóðslettur þar.

Sigurbjörg Vilbergsdóttir, barnsmóðir ákærða og fyrrverandi sambýliskona, kom fyrir dóminn sem vitni. Hún skoraðist undan því að gefa vitnaskýrslu vegna náinna tengsla við ákærða.

Vitnið Ágúst Ásbjörnsson sagði þá ákærða vera kunningja. Hann sagðist ekki þekkja Helga og ekkert vita um málið. Þá myndi hann ekki eftir því að hafa verið með ákærða umræddan dag. Vitnið játaði því að nota símanúmerið 616 1772 og kannaðist við að hafa oft verið í símasambandi við ákærða, en tók fram að ákærði notaði fjölda símanúmera.

Vitnin Kristján Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður og Björgvin Sigurðsson, sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, staðfestu skýrslur sínar um rannsókn bifreiðarinnar FX-B16, sýnatöku og greinargerð vegna DNA rannsóknar. Kristján sagði það hafa verið niðurstöðu skoðunar á bifreiðinni að aðili í framfarþegasæti hefði fengið fleiri en eitt högg í andlit frá aðila í öikumannssæti. Staðsetning blóðbletta í bifreiðinni væri til marks um að högginn hefðu komið frá manni sem sat við hlið brotaþola. Það væri þekkt staðreynd að ekki komi blóð frá fyrsta höggi sem veitt er, en við það myndist sárið. Því hljóti högginn að hafa verið fleiri en eitt.

Vitnið Jón Hai Hwa Sen staðfesti læknisvottorð sitt fyrir dómnum og áréttaði að áverkar Helga samrýmdust því að hann hefði verið sleginn endurtekið í höfuðið. Þá komu fyrir dóminn Ágústa Ringsted lögreglumaður, sem ritaði frumskýrslu í málinu, og Jón Óttar Ólafsson, fyrrverandi lögreglufulltrúi, sem vann greinargerð um símagögn. Vitnin staðfestu skýrslur sínar og eru ekki efni til að reifa framburð þeirra frekar.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hann kveðst hvorki hafa hringt til Helga Freys Sveinssonar, né hitt hann daginn sem um ræðir.

Helgi hefur borið að ákærði hafi hringt til hans tvívegis síðdegis þennan dag og sagst vilja ræða við hann. Hefði ákærði í síðara skiptið verið staddur utan við heimili hans í Spóahólum. Lýsingar Helga á bifreiðinni sem ákærði ók í umrætt sinn koma heim og saman við bifreið fyrrum sambýliskonu ákærða, sem hann hafði afnot af. Þá fær framburður Helga stuðning í frásögn Arndísar Huldu Óskarsdóttur, eiginkonu hans, af atvikum sem að framan er rakið. Samkvæmt vottorði og framburði Jóns Hai Hwa Sen skurðlæknis samrýmdust áverkar Helga lýsingum hans á líkamsárás sem hann hefði orðið fyrir. Sú lýsing fær frekari stoð í niðurstöðum rannsóknar lögreglu á blóðblettum, sem fundust í umræddri bifreið. Rannsókn Rettsmedisinsk Institutt á sýnum sem tekin voru af blóðinu leiddi í ljós

að DNA snið allra sýnanna var eins og DNA snið Helga. Loks liggja fyrir upplýsingar frá símafyrirtæki um að hringt hafi verið úr síma með númerinu 770 8069, sem ákærði var skráður fyrir, í númerið 840 4051, sem Helgi var skráður fyrir, umræddan dag klukkan 18:13 og 18:33, og fór síðara símtalið um sendi í Hólahverfi, skammt frá heimili Helga. Skömmu fyrir og skömmu eftir fyrra símtalið var hringt úr símanúmeri ákærða í númer sem kunningi hans, Ágúst Ásbjörnsson, var skráður fyrir og í símanúmer sem tilheyrði þáverandi sambýliskonu hans, Sigurbjörgu Vilbergsdóttur. Hefur ákærði hvorki getað gefið skýringu á þessum símtölum, né á niðurstöðu rannsóknar á blóðblettum. Framburður hans um að hann hafi hvorki haft símasamband við Helga, né komið að heimili hans í umrætt sinn, er í andstöðu við gögn málsins að öðru leyti. Á hinn bóginn hefur Helgi Freyr Sveinsson verið stöðugur í frásögn sinni og fá lýsingar hans á atvikum jafnframt stuðning í framburði vitna og gögnum málsins, svo sem rakið hefur verið. Verður framburður hans lagður til grundvallar í málinu. Samkvæmt framansögðu þykir, gegn neitun ákærða, lögfull sönnun komin fram fyrir því að ákærði hafi veist að Helga í bifreiðinni, eins og lýst er í ákæru, og slegið hann margsinnis með krepptum hnefa í andlitið, með þeim afleiðingum sem þar greinir og lýst er í áverkavottorði. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í mars 1975. Samkvæmt sakavottorði hefur hann frá árinu 2003 margsinnis gengist undir sektarrefsingu vegna brota gegn umferðarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og vopnalögum. Árás ákærða á Helga Frey Sveinsson var langdregin og harkaleg, en ákærði er sakfelldur fyrir að slá Helga mörgum hnefahöggum í höfuð. Þykir ákærði hafa sýnt af sér einbeittan brotavilja með verkinu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði og eru ekki efni til að binda refsinguna skilorði.

Helgi Freyr Sveinsson hefur krafist skaðabóta að fjárhæð 596.482 krónur auk vaxta. Er krafan sundurliðuð þannig:

Miskabætur skv. 26. gr. skaðabotalaga	500.000 krónur
Lögfræðikostnaður auk virðisaukaskatts	96.482 krónur

Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Þykja bæturnar hæfilega ákvarðaðar 250.000 krónur. Þá á brotapolu rétt á bótum vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfu sinni svo sem krafist er. Verður ákærði dæmdur til að greiða Helga Frey Sveinssyni skaðabætur að fjárhæð 346.482 krónur, sem beri vexti sem í dómsorði greinir.

Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 376.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 45.676 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Ragna Bjarnadóttir aðstoðarsaksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Skúli Þór Hilmarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Helga Frey Sveinssyni skaðabætur að fjárhæð 346.482 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 8. febrúar 2009 til 3. janúar 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 422.176 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 376.500 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir